

anda júlím., til þess að gjöra þær rannsóknir, sem ætlazt er til. Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir veitt kand. Windfeldt-Hansen 5 rd. í fæðispeninga um hvern dag, auk endurgjalds fyrir ferðakostnað og kostnað til þeirra, er hann þarf sèr til aðstoðar við rannsóknina, og 400 rd. þóknun, fyrir uppdrætti og áætlanir, sem hann kann að búa til.

1873.

27. maí.

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um ferðir jarðyrkjumanns á Íslandi.

27. maí.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifazt á við amtmennina á Íslandi og hið konunglega landbústjórnarfélag útaf bænarskrá nokkurri, þar sem Sveinn jarðyrkjumaður Sveinsson, sem hefir gengið í jarðyrkjuskóla í Noregi, sækir um styrk til þess að ferðast um Ísland og útbreiða þar þekkingu á arðsamari jarðarrækt, en hingað til hefir verið höfð um hönd, er bæði dómsmálastjórnin og tæð landbústjórnarfélag fúst til þess að styðja þetta fyrirtæki fyrst um sinn á þessu ári, með því svo sýnist, sem landsmenn hafi hug á að hagnýta sèr leiðbeining jarðyrkjumanns, sem ferðist um landið með styrk af opinberu fè. Í þessu skyni höfum vèr hlutazt til um, að fyrnefndur Sveinn Sveinsson leggi af stað til Íslands frá Björgvin beina leið við lok þessa mánaðar eða í öndverðum næsta mánuði, til þess að ferðast um landið eptir því, sem þèr, herra landshöfðingi, er hann mun leita til, nákvæmar segið fyrir um, og leiðbeina þar bændum, sem vilja nota hans aðstoð, og eru fúsir til að láta honum til ókeypis húsnæði, fæði og fararbeina. Fyrir starf þetta skal veita Sveini Sveinssyni 300 rd. fyrir þetta ár, en af því fè er búizt við að 100 rd. verði borgaðir af bústjórnarfélagi suðuramtsins og búnaðarsjóðum hinna amtanna, að tiltölu við þann tíma, sem hann hefir dvöl í hverju amti, en landssjóðurinn og hið konunglega landbústjórnar-

1873.

27. maí.

félag mun greiða sína 100 rd. hvor, og veitum vör yður hær með myndugleika til að taka þessa 200 rd. úr jarðabókarsjóði Íslands.

27. maí.

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um húsakaup á klausturjörðu.

Í bréfi til dómsmálastjórnarinnar hefir amtmaðurinn í norður- og austurumdæmi Íslands skýrt svo frá, að hin nauðsynlegustu húsakynni á jörðunni Lækjardal, sem heyrir undir Múnkapverár-klausturs góz, sem sè baðstofan eldhúsið, búið, dyrin og göngin, sè eigi eign umboðsins, heldur leiguliða þess, sem síðast sat á jörðunni, og hefir amtmaður stungið uppá, að umboðssjóðurinn eptir boði leiguliðans, sem frá fer, kaupi tæð húsakynni fyrir 100 rd., en þá skuli jarðarafgjaldið eptirleiðis hækkað frá 25 til 50 álna á ári, og hefir leiguliðinn, sem tekur við jörðunni, gengið að því.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að ef sannað verður með löglegri skoðunargjörð, að fyrnefnd húsakynni sè að minnsta kosti 100 rd. virði, má verja þessari upphæð af umboðssjóðnum til þess að kaupa þau, en þá skal afgangið af jörðunni hækkað, svo það eptirleiðis sè 50 álnir.

27. maí.

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um málafærslulaun við yfirrættinn.

Í þremur opinberum málum, sem dæmd eru við hinn konunglega íslenska landsyfirrætt, útaf afbrotum gegn tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi, 26. maí 1863, hefir tæður rættur, sem dæmdi ómerka dóma undirrættarins og vísaði þeim